

## **Foreldrakaffi 12 janúar 2010**

Fundur hefst 20:30

Úr stjórn mættir:

Lóa Björk Óskarsdóttir

Hildur Jónsdóttir

Ingólfur Hjálmarsson

Þóra Þorsteinsdóttir

### **Foreldrakaffi á Rauða húsinu:**

Alls voru 11 foreldrar mættir.

Umræðuefni: 1. Skólapeysur 2. Opið þakkarbréf til skólans og starfsmanna skólans 3. Bréf til Árborgar um að fá afnot af stjörnusteinum. 4. Annað.

1. **Skólapeysur:** Elísabet kom með þá hugmynd að foreldrafélagið myndi standa fyrir skólapeysum með merki skólans. Hún var með upplýsingar um verð (ca. 2000 þús.) og fólki leyst almennt vel á hugmyndina. Ákveðið var að tala við Hörpu um peysurnar og að Elísabet myndi halda utan um þessar framkvæmdir.
2. **Þakkarbréf.** Stjórn foreldrafélagsins hefur langað í svólítinn tíma að senda opið þakkarbréf til skólans og þakka starfsmönnum störf sínum á tímum samdráttar. Ákveðið var að koma á stað hóp sem tæki að sér að skrifa eitthvað uppbyggjandi bréf. Hildur, Lóa og fl. Sýndu þessu verkefni áhuga. Ákveðið var að vera í mail samskiptum og síðan hittast fljótlega.
3. **Bréf til Árborgar vegna Stjörnusteina.** Fríða (fulltrúi foreldra í skólaráði) sagði frá þeirri hugmynd skólaráðs að fá Stjörnusteina til afnota þegar nýji skólinn tekur til starfa. Skólaráðið vildi gjarnan fá foreldrafélagið til liðs með sér til að skrifa bréf til Árborgar um að fá afnot af Stjörnusteinum fyrir námskeiðahald, og uppákomur fyrir nemendur skólans.
4. **Annað.** Fríða kom með fréttir um að ungmennafélagið á Eyrarbakka hefði tekið aftur til starfa og ætlar að vera með nokkur námskeið á nýju ári eins og íþróttaskóla á laugardögum, gítarkennslu og handbolta. Ungmennafélagið hefur mikinn hug á því að vinna með foreldrafélaginu. Einnig voru allir sem voru tenglar kvattir til þess að vera virkir á nýju ári og halda tenglastarfinu virku.